

Samherji fiskeldi ehf.
Glerárgötu 30
600 Akureyri

Reykjavík, 12.9.2024
UST202401-295/A.E.H.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 23. júlí 2024 - Samherji, Stað, ID 66

Þann 23.júlí 2024 sl. fór fram reglubundið eftirlit í Samherja, Stað. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávík var opið er varðar:

Seiðaeldislögn uppfyllir ekki kröfur í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, 2. tl. 9. gr. um að öllu skólpi sem veitt er til sjávar skuli veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum enda séu skilyrðin í 6. og 10. gr. uppfyllt. Vegna ákvæða í 7. tl. sömu greinar reglugerðarinnar þá er heimilt, ef ómögulegt reynist vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla ákvæði í 2. tl., að leggja til aðrar lausnir sem viðkomandi heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur samþykkt að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, að frárennsli fiskeldisins um útrás sem nær út fyrir brimvarnargarð geti verið fullnægjandi lausn á þessum stað. Enn á eftir að framlengja seiðaeldislögn út fyrir brimvarnargarðinn. Með bréfi dags. 16.8.2023 veitti stofnunin frest til 1.5.2024. til þess að ljúka verkinu.

Umhverfisstofnun barst bréf vegna úrbótaáætlunar 22. ágúst 2024, þar sem rekstraraðili óskaði eftir fresti vegna yfirvofandi óvissusástand á Reykjanesi.

Umhverfisstofnun samþykkir að veita frest vegna ástandsins á Reykjanesi með þeim skilyrðum að rekstraraðili mæli heildarfósfór og heildarköfnunarefni í frárennsli tvisvar á ári, í hámarkslífmassa og lágmarkslífmassa sbr. grein 4.3. í starfsleyfi. Umhverfisstofnun mun taka málið til skoðunar ekki síðar en 6 mánuðum eftir dagsetningu þessa bréfs. Verði óvissuástandi aflétt fyrir þann tíma, fer stofnunin fram á að rekstraraðili haldi áfram með framkvæmdina.

Fjórar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Rekstraraðila var bent á ákvæði í 41. grein reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, kröfur til neyslugeyma. „Afgreiðsluplan tengt í olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á bifreiðar“.
2. Rekstraraðila var bent á að bæta verklag í kringum sýnatökur og taka líka sýni í innrennsli, þar sem fosfór mæling bendir til að losun hafi verið yfir mörkum.
3. Rekstraraðila er bent á að íhuga hreinsun á frárennsli þar sem losun út frá fóðri er nálægt losunarmörkum eða 8,7 kg P/tonn.
4. Rekstraraðila var bent á að gæta samræmis í ársyfirliti, útstreymisbókhaldi og grænu bókhaldi.

Eitt frávík komu fram er varða:

- Gr. 3.12 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Lekabyttur vantar í einn efnaskápin.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 4. október 2024.

Virðingarfyllst

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur